

Föstudaginn 18. desember 1992.

Nr. 70/1992. **Friðrik Jónsson,
Arnfinnur Jónsson,
Jón R. Jónsson og
Ingólfur Jónsson**
gegn
Íslandsbanka hf.

Kærumál. Nauðungaruppboð. Óskipt bú.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Hrafn Bragason og Þór Vilhjálmsson.

Sóknaraðilar skutu máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 12. febrúar 1992. Málið sætir nú meðferð sem kærumál samkvæmt 4. mgr. 97. gr. laga nr. 90/1991 um nauðungarsölu, og hafa aðilar skilað greinargerðum.

Sóknaraðilar krefjast þess, að uppboð á Tunguvegi 92 í Reykjavík nái ekki fram að ganga. Þá krefjast þeir málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Varnaraðili krefst staðfestingar hins áfrýjaða úrskurðar og kærumálskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Leyfi var veitt af þar til bærum aðila fyrir þeim veðsetningum, sem um er deilt í máli þessu. Samkvæmt því og að öðru leyti með skírskotun til forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann.

Rétt er, að sóknaraðilar greiði varnaraðila kærumálskostnað, svo sem í dómsorði greinir.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Sóknaraðilar, Friðrik, Arnfinnur, Jón R. og Ingólfur Jónsynir, greiði varnaraðila, Íslandsbanka hf., 25.000 krónur í kærumálskostnað.

Úrskurður uppboðsréttar Reykjavíkur 29. janúar 1992.

I.

Mál þetta var tekið til úrskurðar að loknum munnlegum málflutningi 14. þessa mánaðar.

Sóknaraðilar eru Friðrik Jónsson, Arnfinnur Jónsson, Jón R. Jónsson og Ingólfur Jónsson.

Varnaraðili er Íslandsbanki hf., kt. 421289-1289, Lækjargötu 12, Reykjavík.

Sóknaraðili gerir þær kröfur, að uppboð á eigninni Tunguvegi 92, Reykjavík, nái ekki fram að ganga. Jafnframt verði sóknaraðila úrskurðaður málskostnaður úr hendi varnaraðila.

Varnaraðili krefst þess, að uppboð á eigninni Tunguvegi 92 nái fram að ganga. Krafist er málskostnaðar úr hendi sóknaraðila skv. gjaldskrá LMFÍ og að málskostnaðarfjárhæð beri dráttarvexti skv. III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 með síðari breytingum frá 15. degi eftir uppsögu úrskurðar í máli þessu. Þá er krafist virðisaukaskatts á málflutningsþóknun.

II.

Með uppboðsbeiðni, dags. 29. febrúar 1988, óskaði Iðnaðarbanki Íslands hf., nú Íslandsbanki hf., nauðungaruppboðs á fasteigninni Tunguvegi 92, Reykjavík, til lúkningar skuld samkvæmt veðskuldabréfi, dags. 7. júlí 1987, að höfuðstól 550.000 kr., sem þá var í vanskilum. Veðskuldabréf þetta var til tryggingar skuld Herðisar Jónsdóttur, Tunguvegi 90, við bankann og með veði í fasteigninni Tunguvegi 92, Reykjavík. Veðsetning þessi var samþykkt af Kathinku Klausen sem þinglýstum eiganda hinnar veðsettu eignar.

Með bréfi, dags. 14. október 1990, komu fram mótmæli erfingja Jóns E. Þórðarsonar, þeirra Friðriks Jónssonar, Arnfinns Jónssonar, Jóns R. Jónssonar og Ingólfs Jónssonar, gegn sölu eignarinnar. Mótmælin voru tekin fyrir í uppboðsrétti 29. október, og var þar ákveðið að reka um ágreininginn sérstakt uppboðsréttarmál, þar sem Friðrik Jónsson og fleiri væru sóknaraðilar, en uppboðsbeiðandi væri varnaraðili.

Málsaðilar hafa báðir skilað greinargerðum.

Í greinargerð sóknaraðila segir svo, að Kathinka Klausen sé aðeins eigandi hálftrar fasteignarinnar Tunguvegar 92, en hinn helmingurinn sé eign dánarbús Jóns Þórðarsonar. Sóknaraðilar reisi kröfur sínar á því, að Kathinka hafi ekki mátt rýra svo eignir dánarbúsins sem raun ber vitni á kostnað annarra erfingja eða eigenda þess. Þá sé ljóst, að þau fjárnám, sem gerð hafi verið í eigninni Tunguvegi 92, séu gerð að geymdum betri rétti þriðja manns. Þar af leiði, að þau hvíli aðeins á eignarhluta Kathinku, og sé því uppboðið ekki rétt auglýst frá upphafi.

Af hálfu varnaraðila er sjónarmiðum sóknaraðila mótmælt sem röngum og örökstuddum, þau samræmist á engan hátt 2. kafla erfðalaga né uppboðsheimild varnaraðila. Hinn 3. júlí 1985 hafi Kathinka Klausen fengið út gefið búsetuleyfi, og hafi því verið þinglýst á eignina sama dag. Sam-

kvæmt 12. gr. erfðalaga nr. 8/1962, sbr. lög nr. 48/1989, hafi hún öðlast eignarráð yfir allri fasteigninni að óskiptu. Sóknaraðilar máls þessa eigi því enga aðild að málinu. Veðsetning fasteignarinnar Tunguvegar 92 hafi verið gerð með samþykki Kathinku Klausen og vottuð af tveimur erfingjum Jóns R. Þórðarsonar. Kathinka Klausen hafi formlega ráðstöfunarheimild yfir allri eigninni, sbr. 2. mgr. 25. gr. þinglýsingalaga nr. 39/1978. Viðsejningum hennar hafi verið rétt að líta svo á, að hún mætti ráðstafa henni með löggjörningum og benda á hana við aðfarargerðir. Kathinka Klausen hafi ekki sjálf mótmælt framgangi uppboðsins. Ekki verði séð, hvaða máli skipti við rekstur uppboðsmálsins sú málástæða sóknaraðila, að Kathinka hafi ekki mátt rýra eignir dánarbúsins á kostnað annarra erfingja.

III.

Niðurstaða.

Uppboðsheimild varnaraðila er veðskuldabréf, dags 7. júlí 1987, þar sem fasteignin Tunguvegur 92 er veðsett með 5. veðrétti til tryggingar greiðslu skuldar við varnaraðila. Heimild til veðsetningar eignarinnar byggist á veðleyfi Kathinku Klausen, sem býr á eigninni. Kathinka Klausen er ekkja Jóns R. Þórðarsonar, sem lést 15. júlí 1985. Meðerfingjar hennar, sem voru fimm uppkomin og fjárráða börn þeirra hjóna, veittu henni skriflegt samþykki til setu í óskiptu félagsbúi. Var búsetuleyfi veitt 3. júlí 1985 og því þinglýst sama dag á fasteignina Tunguveg 92. Til óskipts bús telst hjúskapareign beggja hjóna auk séreigna eftir nánari ákvæðum, sbr. 11. gr. erfðalaga nr. 8/1962, sbr. lög nr. 48/1989. Samkvæmt 12. gr. sömu laga hafði Kathinka Klausen full eignarráð á fjármunum búsins frá útgáfu búsetuleyfis og bar ábyrgð á skuldum þess. Er því af hálfu uppboðsréttar ekki fallist á þá málástæðu sóknaraðila, að veðsetning eignarinnar hafi aðeins náð til hluta hennar. Ber að hafna kröfum sóknaraðila í máli þessu.

Samkvæmt því skal uppboð fara fram á fasteigninni Tunguvegi 92, Reykjavík, til lúkningar uppboðskröfu varnaraðila.

Sóknaraðilar greiði varnaraðila in solidum 40.000 kr. í málskostnað.

Valtýr Sigurðsson borgarfégeti kvað upp úrskurð þennan.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Kröfu sóknaraðila, Friðriks Jónssonar, Arnfinns Jónssonar, Jóns R. Jónssonar og Ingólfs Jónssonar, að uppboð á fasteigninni Tunguvegi 92, Reykjavík, nái ekki fram að ganga, er hafnað.

Sóknaraðilar greiði varnaraðila, Íslandsbanka hf., in solidum 40.000 kr. í málskostnað. Málskostnaður beri dráttarvexti frá 15. degi eftir uppsögu úrskurðar.